

Fyrsti fundur skólaráðs Myllubakkaskóla skólaárið 2009 – 2010 var haldinn fimmtudaginn 29. október.

Mættir voru: Brynja Árnadóttir skólastjóri, Júlíus Friðriksson fyrir hönd foreldra, Svandís Aðalsteinsdóttir fyrir hönd starfsmanna Myllubakkaskóla annarra en kennara, Gísli B. Gunnarsson fulltrúi kennara og Hera Ketilsdóttir fyrir hönd nemenda, en ekki hefur verið endanlega ákveðið hverjir verða fulltrúar þeirra. Hrefna annar fulltrúi foreldra boðaði veikindaföröll og Ingólfur Helgi Matthíasson annar fulltrúi kennara var fjarverandi.

Brynja benti fundarmönnum á skýrslu um viðbragðsáætlun almannavarna vegna inflúenslufaraldurs. Skýrslan liggur frammi í skólanum. Þá sagði Brynja einnig frá skýrslu um sjálfsmat skólans 2009 – 2011 en skýrsla þessi er enn í vinnslu. Hún nær jafnt til foreldra, kennara og nemenda Myllubakkaskóla. Báðar þessar skýrslur má finna á heimasíðu skólans.

Fulltrúar skiptu á milli sín skólanámskrá Myllubakkaskóla til yfirlestrar.

Brynja kynnti fyrir nýjum fulltrúum hvað ráðið gerði s.l. starfsár.

Skólaráðið fær sérstakt svæði inni á heimasíðu skólans þar sem unnt verður m.a. að lesa fundargerðir ráðsins.

Í lögum um skipun skólaráða er gert ráð fyrir að þau séu skipuð 9 einstaklingum, skólastjóra, 2 fulltrúum kennara, 1 fulltrúa annarra starfsmanna, 2 fulltrúum nemenda, 2 fulltrúum foreldra og einum fulltrúa í grenndarsamfélagi skólans eða þriðja fulltrúa foreldra. Fundarmenn voru sammála Brynju um að fara þess á leit við foreldrafélagið að það skipi þriðja fulltrúann.

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 16. nóvember kl. 17.00

Gísli B. Gunnarsson ritaði fundargerð.